

Kviðskilun - lífhimnupróf

Tilgangur lífhimnuprófs er að fylgjast með gæðum hreinsunar og virkni lífhimnu. Prófið er gert 4 - 6 vikum eftir að kviðskilun hefst og síðan árlega. Framkvæmd prófsins tekur rúman sólarhring og er gert að mestu heima. Tekin eru fimm sýni úr útrenslispokum, fjögur tekin heima og eitt á skilunardeild. Á sama tíma er gerð sólarhrings þvagsöfnun. Eftir síðustu sýnatökuna, á skilunardeild, er farið í blóðsýnatöku.

Samráð er haft um hvenær prófið er gert. Áður þarf að sækja sýnaglös og þvagsöfnunarbrúsa á skilunardeild og yfirfara leiðbeiningar. Ef einhverjar spurningar vakna síðar má alltaf hafa samband við deildina.

Söfnun sýna



Dagur 1

1. Pokaskipti er gerð að morgni. Fyrsta útrennsli dagsins telst ekki hluti af prófinu og því er hent.
2. Pokaskipti eru síðan framkvæmd samkvæmt venju, skráð á skráningarblað og tekið sýni úr hverjum útrenslispoka.
3. Á skráningarblaðið er skráð:
 - a. Klukkan hvað innrennsli hvers poka byrjar.
 - b. Klukkan hvað útrennsli hvers poka byrjar.
 - c. Þyngd og styrkleiki hvers poka.
4. Sýnataka:
 - a. Nál sett á 20 ml sprautu, henni stungið í sýnatökustút og hún fyllt.
 - b. Innihald sprautunnar tæmt í sýnaglas og það merkt með viðeigandi númeri.
 - c. Sýnaglas geymt í ísskáp.
 - d. Samtals verða sýnin þrjú þennan dag.

Dagur 2

1. Pokaskipti eru gerð að morgni og fjórða sýnið tekið úr útrenslispoka. Skráð á skráningarblað eins og á degi 1.
2. Mæta á skilunardeild um hádegi með fullan kvið og þá eru gerð önnur pokaskipti dagsins og fimmta sýnið tekið. Við komuna þarf að hafa meðferðis sýnaglös fjögur, skráningarblaðið og þvagsöfnunarbrúsa. Að pokaskiptingu lokinni er farið í blóðsýnatöku.
3. Farið er yfir niðurstöður lífhimnuprófsins í næsta eftirliti.

Þvagsöfnun

1. Skráð er klukkan hvað fyrstu þvaglát eru á degi 1, þvagið telst ekki hluti af söfnuninni og er því hent. Eftir það er þvagsöfnunin hafin og öllu þvagi safnað í þvagsöfnunarbrúsa.
2. Á sama tíma að morgni annars prófdags er þvagblaðran tæmd. Það þvag er síðasta þvagið sem fer í þvagsöfnunina og eftir það er henni lokið.
3. Þvagsöfnunarbrúsi er geymdur á köldum stað.

Lífhimnuþróf (PFT)

dags. _____

Dagur 1

Skipting númer	Útrennsli byrjar kl.	Innrennsli byrjar kl.	Styrkleiki innrennslisvökva	Vökvamagn út	Sýni eru geymd í ísskáp
1.					Þessum poka er fleygt
2.					Geymt og merkt #1
3.					Geymt og merkt #2
4.					Geymt og merkt #3

Dagur 2

Skipting númer	Útrennsli byrjar kl.	Innrennsli byrjar kl.	Styrkleiki innrennslisvökva	Vökvamagn út	Sýni eru geymd í ísskáp
1.					Geymt og merkt #4
2.					Geymt og merkt #5

Þvagsöfnun

Þvagsöfnun byrjar að morgni dags 1

Þvagsöfnun byrjar dags.: _____ kl. _____

Þvagsöfnun lýkur dags.: _____ kl. _____

Magn þvags í lok söfnunar _____ ml

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahúsins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.